

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 77,30 á mánuði fyrir hvern aðalhemil og kr. 115,90 á mánuði fyrir hvern mæli.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 154,50 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils og kr. 7,10 fyrir hvert tonn um mæli.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 75,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 193,00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.
- c) Vatnsgjald um rennslismæli kr. 9,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.